



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsviði Alþingis

150 – REYKJAVÍK

Rvk. 20.11.2001

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um persónuafslátt barna, 151. mál.**

Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli fjármálaráðherra að skipa nefnd til þess að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að foreldrar njóti 50% persónuafsláttar fyrir hvert barna sinna.

Ekki er nánar tiltekið á hvaða aldri börn eiga að mynda þennan rétt en ef átt er við börn yngri en 16 ára þá er þetta í raun tillaga um ótekjutengdar barnabætur að upphæð kr. 75.735 á ári vegna hvers barns. Á landinu ern um 70.000 börn undir 16 ára aldri þannig að lagt er til að útgjöld vegna barnabóta verði aukin um rúma fimm milljarða króna á ári. Í þessu sambandi er rétt að benda á þá stefnu sem mörkuð er í fjárlögum að á næsta ári verði teknar upp ótekjutengdar barnabætur. Til að standa straum af kostnaði sem tillagan hefði í för með sér þyrfti ríkissjóður að afla tekna sem samsvaraði því að tekjuskattur hækkaði um 1,5% af tekjum eða hækkun á virðisaukaskatti um tæplega 1,5% af skattstofni. Slíkar hækkunir á skattstofnum í þeim tilgangi að auka millifærslur milli þegna landsins eru ekki til þess fallnar að gera íslenska skattkerfið samkeppnishæfara.

Varðandi börn eldri en 15 ára er rétt að benda á 4. tl. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt sem kveður á um að skattstjóri skuli taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattstofns þegar svo stendur á að maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri. Með útfyllingu á reit 1.1 á skattframtali er umsókn þessi send skattstjóra og nam heimild til lækkunar allt að 166.000 kr. á framtali ársins 2001 vegna ungmenna 16-21 árs. Þetta ákvæði laganna sýnist uppfylla það markmið sem flutningsmaður setur með framlagningu tillögunnar.

Af framangreindum leggjast Samtök atvinnulífsins gegn samþykkt umræddrar tillögu.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri